



## **Keflavík íþróttar- og ungmennafélag**

645. stjórnarfundur þriðjudaginn 23. september 2025 kl. 17:00.

**Mætt:** Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Örn Arnarson, Guðmundur Steinarsson og Jónína Steinunn Helgadóttir ásamt Birgi Má Bragasynt framkvæmdastjóra og Guðbjörgu Björnsdóttur fjármálastjóra.

Fjarverandi: Stefán Guðjónsson,

### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð samþykkt.

### **2. Innkomin bréf**

Engin innkomin bréf.

### **3. Send bréf**

Tölvupóstur sendur á Helga sviðsstjóra menntasviðs Reykjanesbæjar. Beiðni um stúkur frá Stapaskóla í Blue höllina.

### **4. Íþróttaráðstefna Suðurnesja**

Íþróttaráðstefna Suðurnesja var færð um viku vegna umspilsleiks á milli Keflavíkur og Njarðvíkur í knattspyrnu karla. Ráðstefnan verður haldin miðvikudaginn 24. september nk. frá kl. 17:00 – 19:00 í Hljómahöll. Aðalstjórn hvetur alla til að mæta.

### **5. Keflavíkurmessa**

Keflavíkurmessan verður haldin sunnudaginn 28. september kl 20:00. Búið er að ræða við Guðmund Brynjólfsson um að halda smá fyrirlestur um sjálfboðaliða. Prestur verður sr. Fritz. Aðalstjórn Keflavíkur hvetur alla Keflavíkinga til að mæta í fyrstu Keflavíkurmessuna. Fólk má mæta í fatnaði merktum Keflavík.

### **6. Lóðaleiga Heiðarendi**

Umræða um lóðarleigu. Ákveðið að fylgja Reykjanesbæ varðandi útreikning á lóðarleigu. Fjármálastjóra falið að skoða útreikning Reykjanesbæjar.

## 7. Agavandamál barna

Umræða um ofbeldismál í samfélaginu og æfingar. Það er spurning hvort ekki þurfi að skoða að vera með verklagsreglur ef barn brýtur alvarlega af sér í samfélaginu og önnur börn hræðast viðkomandi. Hvernig á að bregðast við ef viðkomandi vill mæta á æfingar. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram með Hafþóri B. Birgissyni, Helga Arnarsyni sviðsstjóra o.fl.

## 8. Þorablót Keflavíkur

Framkvæmdastjóri hefur fengið send drög að dagskrá. Gleymst hefur að boða framkvæmdastjóra og fjármálastjóra á fund. Framkvæmdastjóra falið að heyra í nefndarfólki og heyra hvenær næsti fundur verður. Mikilvægt er að framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitji fundi og taki þátt í undirbúningi fyrir blótið.

Umræða um að kaupa borð og stóla sem hægt er að nota á þorablóti og öðrum stærri viðburðum. Framkvæmdastjóra falið að skoða hagstæðustu leið og senda fyrirspurn á Reykjanesbæ um að eignast borð og stóla. Það þarf líka að kaupa gám til að geyma húsgögnin.

## 9. Blue Höllin

Búið er að kaupa þvottavél og þurrkara fyrir íþróttahúsið. Keflavík lánar Reykjanesbæ fyrir helmingnum að verðinu fram í janúar.

Búið er að samþykka að flytja 4 bekkir sem eru staðsettir í íþróttahúsi Stapaskóla í íþróttahúsið við Sunnubraut.

## 10. Reikningsskil deilda til fjármálastjóra

Fjármálastjóri lagði fram töflu yfir hvernig hann sér fyrir sér að deildir skili inn reikningum til sín. Aðalstjórn samþykkir þessa töflu með nokkrum lagfæringum sem voru ræddar.

Ákveðið að gera verklagsreglur vegna greiðslna til stjórnarfólks og framkvæmdastjóra deilda. Fjármálastjóra falið að koma með drög til stjórnar.

## 11. Önnur mál

- A. Ákveðið að kaupa árskort á heimaleiki í körfunni fyrir stjórnarfólk.
- B. K merki. Umræða um hvort það eigi að breyta merkinu. Ákveðið að skoða málið betur. Kannski vera með hönnunarkeppni. Framkvæmdastjóra falið að lista upp sögu merkisins og koma með á næsta fund.
- C. Formaður og framkvæmdastjóri ætla að hitta Guðlaugu Lewis menningarfulltrúa Reykjanesbæjar og ræða sýningu á ljósanótt 2029 vegna 100 ára afmælis Keflavíkur.
- D. Keflavík - HK á laugardaginn. Umspil um sæti í Bestu deild karla á næsta ári. Allir að mæta. Lokahóf knattspyrnunnar verður svo um kvöldið.

E. Leikmannakynning hjá körfuknattleiksdeild verður á föstudaginn.

Fundi lokið kl. 18:20

Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. október kl. 17:00

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.